

Lyfjagreiðslunefnd

FUNDARGERÐ 283. fundar

Dagsetning og staður: 10. september 2018 kl. 14 að Vínlandsleið 14, Reykjavík.

Fundinn sátu:

Nefndarmenn:

Guðrún I. Gylfadóttir, formaður
Jóhann M. Lenharðsson
Jón Pétur Einarsson
Katrín E. Hjörleifsdóttir
Kristinn H. Jónasson

Starfsmenn nefndarinnar:

Sveinbjörn Högnason
Guðrún Oddsdóttir (ritari)

Aðrir:

Guðný Hjaltadóttir fulltrúi lyfjaheildsala í FA, sat fundinn undir lið 10.2
Bessi H. Jóhannesson fulltrúi lyfjaheildsala í FA, sat fundinn undir lið 10.2
Andrés Magnússon fulltrúi lyfjaheildsala í SVP, sat fundinn undir lið 10.2

1.	Dagskrá fundarins
Niðurstaða:	Dagskrá fundarins var samþykkt án breytinga eða viðbóta.
2.	Vanhæfi
Niðurstaða:	Nefndarmenn lýstu því yfir að þeir teldu sig ekki vanhæfa við afgreiðslu einstakra erinda á fundinum.
3.	Fundargerðir síðustu funda
Niðurstaða:	Fundargerðir 279., 280., 281. og 282. fundar voru samþykktar.
4.	Áætlun SÍ um kostnað sjúkratrygginga vegna lyfja
Efni:	Áætlun SÍ um kostnað sjúkratrygginga vegna lyfja var óbreytt frá 282. fundi.
5.	Staðan á afgreiðslu umsókna
Efni	Farið var yfir umsóknir og erindi sem liggja fyrir hjá nefndinni.
6.	Umsóknir um heildsöluverð
Niðurstaða:	Engar umsóknir um heildsöluverð voru á dagskrá fundarins.

7.	Umsóknir um greiðslupáttöku
7.1	Saxenda (liraglútið) – til meðferðar við offitu, frh. frá 280. fundi.
Efni:	<p>Vistor f.h. Novo Nordisk A/S, sækir um greiðslupáttöku í lyfinu Saxenda (liraglútið), dags. 12. júlí 2017.</p> <p>Ábending:</p> <p><i>Saxenda er ætlað sem viðbót við hitaeiningaskert mataræði og aukna hreyfingu til þyngdarstjórnunar hjá fullorðnum sjúklingum með upphafslíkamsþyngdarstuðulinn (BMI)</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • $\geq 30 \text{ kg/m}^2$ (offita), eða • $\geq 27 \text{ kg/m}^2$ til $< 30 \text{ kg/m}^2$ (ofþyngd) og sem eru með a.m.k. einn þyngdartengdan fylgisjúkdóm eins og blóðsykursröskun (skert sykurþol eða sykursýki af tegund 2), háþrýsting, blóðfituröskun eða teppukæfisvefn. <p><i>Hætta skal meðferð með Saxenda eftir 12 vikur á skammtinum 3,0 mg/sólarhring ef sjúklingar hafa ekki misst a.m.k. 5% af upphaflegri líkamsþyngd.</i></p> <p>Á 280. fundi ákvað nefndin að íhuga að synja almennri greiðslupáttöku en samþykkja einstaklingsbundna greiðslupáttöku. Skilyrði sem þarf að uppfylla fyrir einstaklingsbundna greiðslupáttöku skulu vera í samræmi við vinnureglur <i>Lægemiddelstyrelsen</i> í Danmörku um einstaklingsbundna greiðslupáttöku Umboðsaðili var gefinn frestur til að senda inn athugasemdir við ákvörðun nefndarinnar, fyrir 31. ágúst s.l. Engar athugasemdir bárust.</p>
Niðurstaða:	<p>Ákveðið var að synja almennri greiðslupáttöku í lyfinu Saxenda á þeim forsendum að lyfið er ekki með almenna greiðslupáttöku á Norðurlöndunum. Ákveðið var að samþykkja einstaklingsbundna greiðslupáttöku í lyfinu Saxenda (liraglútið). Skilyrði sem þarf að uppfylla fyrir einstaklingsbundna greiðslupáttöku skulu vera í samræmi við vinnureglur <i>Lægemiddelstyrelsen</i> í Danmörku um einstaklingsbundna greiðslupáttöku (https://laegemiddelstyrelsen.dk/da/tilskud/individuelle-tilskud/enkelttilskud/vejledende-kriterier/fedme-saxenda/).</p> <p>Lyfjagreiðslunefnd mun óska eftir að Sjúkratryggingar Íslands útbúi vinnureglur fyrir útgáfu lyfjaskírteinis fyrir Saxenda, í samræmi við dönsku leiðbeiningarnar. Ákvörðun lyfjagreiðslunefndar gildir í eitt ár, en þá mun nefndin endurskoða greiðslupáttökuna í lyfinu Saxenda.</p>
8.	Umsóknir um leyfisskyldu
8.1	Adcetris (brentuximab vedotin) – frh. frá 282. fundi
Efni:	<p>Vistor f.h. Takeda Pharma A/S sækir um leyfisskyldu í lyfinu Adcetris (brentuximab vedotin), dags. 13. júní 2018.</p> <p>Á 282. fundi lyfjagreiðslunefndar var ákveðið að samþykkja leyfisskyldu við eftirfarandi ábendingum:</p> <ul style="list-style-type: none"> • <i>ADCETRIS er ætlað til meðferðar hjá fullorðnum sjúklingum með CD30+ Hodgkins eitlaæxli (HL) sem hefur tekið sig upp aftur eða svarar ekki meðferð:</i> <ol style="list-style-type: none"> 1. <i>eftir samgena stofnfrumuígræðslu (autologous stem cell transplant, ASCT) eða</i>

	<p>2. eftir að minnsta kosti tvær fyrri meðferðir og þegar ASCT eða fjöllyfja krabbameinsmeðferð kemur ekki til greina.</p> <ul style="list-style-type: none"> • ADCETRIS er ætlað til meðferðar hjá fullorðnum sjúklingum með CD30+ Hodgkins eitlaæxli (HL) þar sem aukin hættu er á bakslagi eða versnun sjúkdóms eftir samgena stofnfrumuígræðslu (ASCT), • ADCETRIS er ætlað til meðferðar hjá fullorðnum sjúklingum með altæk villivaxtarstóreitolfrumuæxli (systemic anaplastic large cell lymphoma, sALCL) sem hefur tekið sig upp aftur eða svarar ekki meðferð. <p>Á 282. fundi lyfjagreiðslunefndar var ákveðið að íhuga að synja umsókn um leyfisskyldu við eftirfarandi ábendingu:</p> <ul style="list-style-type: none"> • ADCETRIS er ætlað til meðferðar hjá fullorðnum sjúklingum með CD30+ T-eitolfrumuæxli í húð (cutaneous T-cell lymphoma, CTCL) eftir að minnsta kosti eina fyrri altæka meðferð <p>Umboðsaðili var gefinn frestur til að senda inn athugasemdir við ákvörðun nefndarinnar fyrir 9. september s.l. Engar athugasemdir bárust.</p>
Niðurstaða:	<p>Ákveðið var að synja leyfisskyldu í lyfinu Adcetris (brentuximab vedotin) við eftirfarandi ábendingu:</p> <ul style="list-style-type: none"> • ADCETRIS er ætlað til meðferðar hjá fullorðnum sjúklingum með CD30+ T-eitolfrumuæxli í húð (cutaneous T-cell lymphoma, CTCL) eftir að minnsta kosti eina fyrri altæka meðferð <p>Greiðsluþátttöku í ofangreindri ábendingu, hefur verið synjað í Danmörku og greiðsluþátttaka liggur ekki fyrir á hinum Norðurlöndunum.</p>
8.2	Gazyvaro (obinutuzumab) – 1. línu meðferð hnútótt eitilfrumuæxli, frh. frá 282. fundi
Efni:	<p>Icepharma f.h. Roche, sækir um leyfisskyldu í nýrri ábendingu í lyfinu Gazyvaro (obinutuzumab), dags. 27. mars 2018.</p> <p>Ábending sem sótt er um leyfisskyldu fyrir:</p> <p><i>Hnúttótt eitilfrumuæxli (follicular lymphoma, FL)</i> <i>Gazyvaro ásamt krabbameinslyfjum, fylgt eftir af viðhaldsmeðferð með Gazyvaro hjá sjúklingum sem svara meðferðinni, er ætlað til meðferðar hjá sjúklingum með áður ómeðhöndlað, langt gengið hnútótt eitilfrumuæxli</i></p>
Niðurstaða:	<p>Ákveðið var að samþykkja umsókn um leyfisskyldu fyrir Gazyvaro (obinutuzumab) við eftirfarandi ábendingu:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Hnúttótt eitilfrumuæxli (follicular lymphoma, FL) Gazyvaro ásamt krabbameinslyfjum, fylgt eftir af viðhaldsmeðferð með Gazyvaro hjá sjúklingum sem svara meðferðinni, er ætlað til meðferðar hjá sjúklingum með áður ómeðhöndlað, langt gengið hnútótt eitilfrumuæxli. <p>Leyfisskyldan tekur gildi þegar klínískar leiðbeiningar hafa borist frá Landspítala og hafa verið birtar á vefsíðu lyfjagreiðslunefndar.</p>

8.3	Duodopa (levodopa/carbidopa) – við Parkinsonsveiki
Efni:	<p>Vistor f.h. AbbieVie Ltd., sækir um leyfisskyldu í lyfinu Duodopa (levodopa/carbidopa), dags. 19. júní 2018.</p> <p>Ábending:</p> <p><i>Meðferð við langt genginni Parkinsonsveiki með slæmum sveiflum í hreyfingum og ofhreyfni (hyperkinesia) eða hreyfitruflunum (dyskinesia), sem svarar meðferð með levódópa, þegar notkun annarra samsetninga Parkinsonslyfja hefur ekki borið fullnægjandi árangur.</i></p>
Niðurstaða:	<p>Ákveðið var að samþykkja leyfisskyldu í lyfinu Duodopa (levodopa/carbidopa) við eftirfarandi ábendingu lyfsins:</p> <p><i>Meðferð við langt genginni Parkinsonsveiki með slæmum sveiflum í hreyfingum og ofhreyfni (hyperkinesia) eða hreyfitruflunum (dyskinesia), sem svarar meðferð með levódópa, þegar notkun annarra samsetninga Parkinsonslyfja hefur ekki borið fullnægjandi árangur.</i></p> <p>Leyfisskyldan tekur gildi þegar klínískar leiðbeiningar hafa borist frá Landspítala og hafa verið birtar á vefsíðu lyfjagreiðslunefndar.</p>
8.4	Kyntheum (bródalúmab) – við skellupsórisis
Efni:	<p>Vistor f.h. LEO Pharma A/S, sækir um leyfisskyldu fyrir lyfið Kyntheum (bródalúmab), dags. 28. júní 2018.</p> <p>Ábending:</p> <p><i>Kyntheum er ætlað til meðferðar á meðalslæmum eða slæmum skellupsórisis hjá fullorðnum sem taldir eru þola altæka lyfjameðferð.</i></p>
Niðurstaða:	<p>Ákveðið var að samþykkja leyfisskyldu í lyfinu Kyntheum (bródalúmab) við eftirfarandi ábendingu lyfsins:</p> <p><i>Kyntheum er ætlað til meðferðar á meðalslæmum eða slæmum skellupsórisis hjá fullorðnum sem taldir eru þola altæka lyfjameðferð.</i></p> <p>Í lyfjaverðskrá eru nokkur lyf með leyfisskyldu, við sömu ábendingu. Það lyf sem hefur lægsta meðferðarkostnað samkvæmt útboði Landspítala, er að öllu jöfnu fyrsta meðferðarval.</p> <p>Leyfisskyldan tekur gildi þegar klínískar leiðbeiningar hafa borist frá Landspítala og hafa verið birtar á vefsíðu lyfjagreiðslunefndar.</p>
8.5	Tremfya (guselkumabum) – við skellupsórisis
Efni:	<p>Vistor f.h. Janssen-Cilag International NV, sækir um leyfisskyldu fyrir lyfið Tremfya (guselkumabum), dags. 28. febrúar 2018.</p> <p>Ábending:</p> <p><i>Tremfya er ætlað til meðferðar á miðlungsmiklum og verulegum skellupsoriasis (plaque psoriasis) hjá fullorðnum þegar altæk meðferð á við.</i></p>
Niðurstaða:	<p>Ákveðið var að samþykkja leyfisskyldu í lyfinu Tremfya (guselkumabum) við eftirfarandi ábendingu lyfsins:</p>

	<p><i>Tremfya er ætlað til meðferðar á miðlungsmiklum og verulegum skellupsoriasis (plaque psoriasis) hjá fullorðnum þegar altæk meðferð á við.</i></p> <p>Í lyfjaverðskrá eru nokkur lyf með leyfisskyldu, við sömu ábendingu. Það lyf sem hefur lægsta meðferðarkostnað samkvæmt útboði Landspítala, er að öllu jöfnu fyrsta meðferðarval.</p> <p>Leyfisskyldan tekur gildi þegar klínískar leiðbeiningar hafa borist frá Landspítala og hafa verið birtar á vefsíðu lyfjagreiðslunefndar.</p>
8.6	Tecentriq (atezolizumab) – við lungnakrabbameini
Efni:	<p>Icepharma f.h. Hoffmann-La Roche, sækir um leyfisskyldu í lyfinu Tecentriq (atezolizumab), dags. 29. júní 2018.</p> <p>Ábending sem sótt er um:</p> <p><i>Tecentriq sem einlyfjameðferð er ætlað til meðferðar við lungnakrabbameini sem ekki er af smáfrumugerð og er langt gengið og staðbundið eða með meinvörpum, hjá fullorðnum sjúklingum sem hafa áður fengið meðferð með öðrum krabbameinslyfjum. Sjúklingar með æxli með virkjandi stökkbreytingum (activating mutations) í EGFR eða stökkbreytingum í ALK ættu einnig að hafa fengið marksækna meðferð áður en þeir fá Tecentriq.</i></p>
Niðurstaða:	<p>Ákveðið var að samþykkja umsókn um leyfisskyldu fyrir lyfið Tecentriq við eftirfarandi ábendingu:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Tecentriq sem einlyfjameðferð er ætlað til meðferðar <u>við lungnakrabbameini</u> sem ekki er af smáfrumugerð og er langt gengið og staðbundið eða með meinvörpum, hjá fullorðnum sjúklingum sem hafa áður fengið meðferð með öðrum krabbameinslyfjum. Sjúklingar með æxli með virkjandi stökkbreytingum (activating mutations) í EGFR eða stökkbreytingum í ALK ættu einnig að hafa fengið marksækna meðferð áður en þeir fá Tecentriq. <p>Leyfisskyldan við ofangreindri ábendingu er <u>eingöngu samþykkt fyrir sjúklinga þar sem æxlin eru með PD-L1 tjáningu $\geq 1\%$.</u></p> <p>Tecentriq (atezolizumab), Keytruda (pembrolizumab) og Opdivo (nivolumab) eru lögð að jöfnu við ofangreindri ábendingu og það lyf sem hefur lægsta meðferðarkostnað samkvæmt útboði Landspítala er að öllu jöfnu fyrsta meðferðarval.</p> <p>Leyfisskyldan fyrir Tecentriq tekur gildi þegar klínískar leiðbeiningar berast frá Landspítala og birtar hafa verið á vefsíðu lyfjagreiðslunefndar.</p>
8.7	Tecentriq (atezolizumab) – við þvaggfæraþekjukrabbameini
Efni:	<p>Icepharma f.h. Hoffmann-La Roche, sækir um leyfisskyldu í lyfinu Tecentriq (atezolizumab), dags. 12. júlí 2018.</p> <p>Ábending sem sótt er um:</p>

	<p><i>Tecentriq sem einlyfjameðferð er ætlað til meðferðar við þvagfæraþekjukrabbameini sem er langt gengið og staðbundið eða með meinvörpum, hjá fullorðnum sjúklingum sem:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> ○ <i>hafa áður fengið meðferð með öðrum krabbameinslyfjum sem innihéldu platínusambönd eða</i> ○ <i>eru ekki taldir geta fengið cisplatín og eru með æxli sem tjá PD-L1 í ≥5% frumna</i>
Niðurstaða:	<p>Ákveðið var að samþykkja umsókn um leyfisskyldu fyrir lyfið Tecentriq við eftirfarandi ábendingu:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Tecentriq sem einlyfjameðferð er ætlað til meðferðar við þvagfæraþekjukrabbameini sem er langt gengið og staðbundið eða með meinvörpum, hjá fullorðnum sjúklingum sem: <ul style="list-style-type: none"> ○ hafa áður fengið meðferð með öðrum krabbameinslyfjum sem innihéldu platínusambönd eða ○ eru ekki taldir geta fengið cisplatín og eru með æxli sem tjá PD-L1 í ≥5% frumna <p>Tecentriq (atezolizumab) og Keytruda (pembrolizumab) eru lögð að jöfnu til meðferðar við þvagfæraþekjukrabbameini sem er langt gengið og staðbundið eða með meinvörpum, hjá fullorðnum sjúklingum sem eru ekki taldir geta fengið cisplatín (1. línu meðferð). Tecentriq (atezolizumab), Keytruda (pembrolizumab) og Opdivo (nivolumab) eru lögð að jöfnu til meðferðar við þvagfæraþekjukrabbameini sem er langt gengið og staðbundið eða með meinvörpum, hjá fullorðnum sjúklingum sem hafa áður fengið meðferð með öðrum krabbameinslyfjum sem innihéldu platínusambönd (2. línu meðferð). Það lyf sem hefur lægsta meðferðarkostnað samkvæmt útboði Landspítala er að öllu jöfnu fyrsta meðferðarval.</p> <p>Leyfisskyldan fyrir Tecentriq tekur gildi þegar klínískar leiðbeiningar berast frá Landspítala og birtar hafa verið á vefsíðu lyfjagreiðslunefndar.</p>
8.8	Mavenclad (cladribine) – við MS
Efni:	<p>Icepharma f.h. MERCK, sækir um leyfisskyldu fyrir lyfið Mavenclad (cladribine), dags. 13. júlí 2018.</p> <p>Ábending:</p> <p><i>MAVENCLAD er ætlað til meðferðar hjá fullorðnum sjúklingum með mjög virkt heila- og mænusigg (multiple sclerosis, MS) með köstum, skilgreint samkvæmt klínískum einkennum eða myndgreiningu.</i></p>
Niðurstaða:	<p>Ákveðið var að samþykkja umsókn um leyfisskyldu fyrir lyfið Mavenclad við eftirfarandi ábendingu:</p> <p><i>MAVENCLAD er ætlað til meðferðar hjá fullorðnum sjúklingum með mjög virkt heila- og mænusigg (multiple sclerosis, MS) með köstum, skilgreint samkvæmt klínískum einkennum eða myndgreiningu.</i></p> <p>Leyfisskyldan fyrir Mavenclad tekur gildi þegar klínískar leiðbeiningar berast frá Landspítala og birtar hafa verið á vefsíðu lyfjagreiðslunefndar.</p>

9.	Umsóknir um einstaklingsbundna greiðslupátttöku						
9.1	Zejula (niraprib)						
Efni:	Sjúkratryggingar Íslands óska eftir að lyfjagreiðslunefnd taki til afgreiðslu umsókn um einstaklingsbundna greiðslupátttöku í lyfinu Zejula, til notkunar “off label”, þ.e. til notkunar utan ábendingar lyfsins samkvæmt samþykktri samantekt um eiginleika lyfsins, dags. 30. ágúst 2018.						
Niðurstaða:	Ákveðið var að synja einstaklingsbundinni greiðslupátttöku í lyfinu Zejula. Lyfjagreiðslunefnd hefur ekki heimild til að samþykkja einstaklingsbundna greiðslupátttöku í lyfi til notkunar „off label“ þ.e. til notkunar utan ábendingar lyfsins samkvæmt samþykktri samantekt um eiginleika lyfsins.						
10.	Önnur mál						
10.1	Erindi frá Frumtökum, bréf dags. 24. ágúst 2018						
Efni:	Erindi barst frá Frumtökum, dags. 24. ágúst 2018. Efni: <i>Kostnaðarálag á heilðsöluverð veltulíttilla lyfja og breyting S-merkingar.</i>						
Niðurstaða:	Erindi frá Frumtökum var lagt fram til kynningar.						
10.2	Erindi frá Parlogis, frh. frá 278. fundi.						
Efni:	Erindi barst frá Parlogis, dags. 25. maí 2018. Efni: <i>Beiðni um endurskoðun á ákvörðunum um heilðsöluverð undanþágulyfja og formlegar viðræður varðandi leiðréttingu á versnandi rekstrarumhverfi dreifingarfyriertækja.</i>						
Niðurstaða:	<p>Ákveðið var að samþykkja breytingu á vinnureglu um ákvörðun heilðsöluverðs á undanþágulyfjum. Markmiðið er að koma til móts við dreifingarfyriertæki sem sjá um innflutning og dreifingu undanþágulyfja. Í flestum tilvikum er verið að flytja inn undanþágulyf í takmörkuðu magni, og oft í flýtafgreiðslu að beiðni Landspítala.</p> <p>Lyfjagreiðslunefnd ákvarðar hámarksverð almennra lyfja í heilðsölu með hliðsjón af <u>meðalverði</u> lyfjanna í viðmiðunarlöndum. Við ákvörðun hámarksverðs S-merktra lyfja og leyfisskyldra lyfja tekur lyfjagreiðslunefnd að jafnaði mið af <u>lægsta</u> heilðsöluverði í viðmiðunarlöndunum. Viðmiðunarlöndin eru Danmörk, Svíþjóð, Noregur og Finnland.</p> <p>Ákvörðun um heilðsöluverð undanþágulyfja fer eftir áætlaðri ársveltu og var samþykkt eftirfarandi:</p> <p><u>Áætluð velta:</u></p> <table> <tr> <td>0 – 1,3 millj.kr.</td> <td>Umsótt verð er samþykkt ef áætluð ársvelta er undir 1,3 millj.kr.</td> </tr> <tr> <td>1,3 – 4,6 millj.kr.</td> <td>Samþykkt er allt að 23,3% hærra verð en er í viðmiðunarlöndunum auk 2,3% álags (gjald Lyfjastofnunar), þ.e. allt að 25,6% hærra verð en er í viðmiðunarlöndunum.</td> </tr> <tr> <td>4,6 – 7,0 millj.kr</td> <td>Samþykkt er allt að 15% hærra verð en er í viðmiðunarlöndunum auk 2,3% álags (gjald Lyfjastofnunar), þ.e. allt að 17,3% hærra verð en er í viðmiðunarlöndunum.</td> </tr> </table>	0 – 1,3 millj.kr.	Umsótt verð er samþykkt ef áætluð ársvelta er undir 1,3 millj.kr.	1,3 – 4,6 millj.kr.	Samþykkt er allt að 23,3% hærra verð en er í viðmiðunarlöndunum auk 2,3% álags (gjald Lyfjastofnunar), þ.e. allt að 25,6% hærra verð en er í viðmiðunarlöndunum.	4,6 – 7,0 millj.kr	Samþykkt er allt að 15% hærra verð en er í viðmiðunarlöndunum auk 2,3% álags (gjald Lyfjastofnunar), þ.e. allt að 17,3% hærra verð en er í viðmiðunarlöndunum.
0 – 1,3 millj.kr.	Umsótt verð er samþykkt ef áætluð ársvelta er undir 1,3 millj.kr.						
1,3 – 4,6 millj.kr.	Samþykkt er allt að 23,3% hærra verð en er í viðmiðunarlöndunum auk 2,3% álags (gjald Lyfjastofnunar), þ.e. allt að 25,6% hærra verð en er í viðmiðunarlöndunum.						
4,6 – 7,0 millj.kr	Samþykkt er allt að 15% hærra verð en er í viðmiðunarlöndunum auk 2,3% álags (gjald Lyfjastofnunar), þ.e. allt að 17,3% hærra verð en er í viðmiðunarlöndunum.						

	<p>>7,0 millj.kr. Ef áætluð ársvelta er yfir 7,0 millj. kr. er heimilað 2,3% hærra verð (gjald Lyfjastofnunar) en er í viðmiðunarlöndunum.</p> <p>Ákveðið var að taka þessa breyttu vinnureglu um ákvörðun heilðsöluverðs á undanþágulyfjum til skoðunar að nýju, eftir eitt ár og leggja mat á hvort breyta þarf henni að nýju.</p> <p>Velferðarráðuneytið hefur samið við Hagfræðistofnun Háskóla Íslands um gerð ítarlegrar úttektar á smásölu lyfja hér á landi, sbr. frétt á vef Velferðarráðuneytisins 21. ágúst s.l. Í framhaldi af erindi Parlogis, hefur lyfjagreiðslunefnd óskað eftir að Velferðarráðuneytið semji við Hagfræðistofnun Háskóla Íslands um gerð samskonar úttektar á lyfjaheilðsölum og dreifingarfyrtækjum. Afgreiðslu á erindi Parlogis varðandi leiðréttingu á versnandi rekstrarumhverfi dreifingarfyrtækja, var frestað.</p> <p>Sérbókun fulltrúa lyfjaheilðsala í FA: Farið er fram á að erindi Parlogis verði svarað efnislega og að samræmis sé gætt milli skráðra og óskráðra lyfja svo ekki myndist hvati til afskráningar á sölulágum vörunúmerum.</p>
10.3	Heildarverðendurskoðun 2019
Efni:	Lyfjagreiðslunefnd mun framkvæma verðendurskoðun á öllum lyfseilsskyldum lyfjum (að undanskildum dýralyfjum) á árinu 2019.
Niðurstaða:	Tilkynning um verðendurskoðunina verður birt á vefsíðu nefndarinnar.

Fundi lokið kl. 16:05